

Alþingi
Erindi nr. P 136/65
komudagur 13.11.2008

Hvanneyri 13. nóvember 2008

Umsögn Nemendafélags Landbúnaðarháskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

Þingskjal 35 – 35. mál

Stjórn nemendafélags LbhÍ hefur tekið ofangreint frumvarp, kynnt sér greinargerð þess og gerir meðfylgjandi umsögn um frumvarpið.

Stjórnin fagnar þeim breytingum sem gerðar eru á lögum og telur þessar breytingar hvetjandi til þess að fólk ljúki námi á viðmiðunartíma námsbrauta. Einnig vörpum við fram þeirri hugmynd að styrkurinn verði tengdur námsárangri. Með því væri hvatinn til að standa sig vel í námi meiri. Bendum við þó á að einkunn er afstætt hugtak og segir oft ekki allt um hæfileika fólks.

f.h. nemendafélags Landbúnaðarháskóla Íslands


Eyjólfur Ingvi Bjarnason, formaður